

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 156/2003

frá 7. nóvember 2003

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2003 frá 26. september 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/26/EB frá 3. apríl 2003 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB að því er varðar hraðatakmarkara og útblástur frá atvinnuökutækjum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 17g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32003 L 0026:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/26/EB frá 3. apríl 2003 (Stjtið. ESB L 90, 8.4.2003, bls. 37).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/26/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. nóvember 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 331, 18.12.2003, bls. 42 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 64, 18.12.2003, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 90, 8.4.2003, bls. 37.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Prins Nikulás af Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann